

Yfirlýsing peningastefnunefndar 14. júní 2017

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánnum, verða því 4,5%.

Horfur eru á hröðum hagvexti í ár eins og árin á undan. Útlitið hefur lítið breyst frá síðustu spá Seðlabankans og hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi var í meginatriðum í samræmi við hana. Vöxturinn er sem fyrr einkum drifinn af örum vexti ferðapjónustu og einkaneyslu auk þess sem útlit er fyrir töluverða slökun í aðhaldi opinberra fjármála í ár.

Verðbólga er enn áþekkt því sem hún hefur verið sl. hálf t. ár en undirliggjandi verðbólga virðist hafa minnkað undanfarna mánuði. Þá hafa verðbólguvæntingar til bæði skamms og langs tíma lækkað áfram frá síðasta fundi peningastefnunefndar og raunvextir bankans hækkað. Gagnstæðir kraftar hafa sem fyrr áhrif á verðbólguhorfur, þar sem hækkun gengis krónunnar og lítil alþjóðleg verðbólga vega á móti verðbólguþrýstingi af innlendum rótum. Hefur bilið á milli verðþróunar innlendra þátta, einkum húsnæðiskostnaðar, og erlendra þátta aukist töluvert undanfarna mánuði.

Skýr merki um spennu í þjóðarbúskapnum kalla á peningalegt aðhald svo að tryggja megi verðstöðugleika til meðallangs tíma. Hækkun raunvaxta bankans frá síðasta fundi peningastefnunefndar felur hins vegar í sér nokkru meira aðhald en nefndin hafði stefnt að og telur nægilegt til þess að stuðla að verðstöðugleika.

Traustari kjölfesta verðbólguvæntinga við verðbólguþrýsting og hækkun gengis krónunnar hafa gert peningastefnunefnd mögulegt að ná lögboðnu markmiði um verðstöðugleika með lægri vöxtum en ella. Aðhaldsstig peningastefnunnar á komandi misserum mun ráðast af framvindu efnahagsmála og annarri hagstjórn.